



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 20. júní 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir því að gerð yrði breyting á dagskrá og bætt verði við undir dagskrárlið 8. d) *Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækja*. Var breytingin borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

1. Viðauki I

Fyrir fundinn lá tillaga að viðauka I við fjárhagsáætlun ársins sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri sem nema 21 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Rekstrarniðurstaðan samkvæmt tillögu að viðauka I við áætlun verði því 10 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar í rekstri tengjast sölum eigna, og félagsmálum. Tillaga að viðauka I gerir ráð fyrir lækkun á framkvæmdaráætlun að upphæð 1,8 m.kr. Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé. Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl 2025 og framkvæmdayfirlit janúar-maí 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-apríl 2025 og framkvæmdayfirlit vegna janúar-maí 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

3. Samstarfssamningar milli Skagastrandar og Húnabyggðar

Unnið hefur verið að samstarfssamningum milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Húnabyggðar síðasta árið vegna slita á byggðasamlagi um Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Fyrir fundinum lágu tveir samstarfssamningar milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Húnabyggðar er varða annars vegar félagsþjónustu og barnavernd og hins vegar grunnskóla- og leikskólaþjónustu, félagsstarf aldraðra, félagsmiðstöð, bókasafn, íþróttastarf og gagnkvæma aðstoð slökkviliða.

a. Samningur um félagsþjónustu og barnavernd

Var samningurinn borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

b. Samningur um samstarf Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar um þjónustu til íbúa.

Var samningurinn borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að undirrita samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.



4. Breyting á Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skagastrandar frá 1. apríl 2014 – fyrri umræða

Lögð fram drög að breytingum á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins til fyrri umræðu.

Lagt til að vísa málinu til nánari skoðunar og síðari umræðu í sveitarstjórn. Var tillagan samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

5. Loftslagsstefna sveitarfélaganna í Húnavatnssýslum 2025-2028

Fyrir fundinum lágu drög að Loftslagsstefnu sveitarfélaganna í Húnavatnssýslum 2025-2028 ásamt aðgerðaráætlun sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Voru stefnan og aðgerðaráætlun bornar upp til staðfestingar og staðfestar samhljóða af sveitarstjórn eins og þær voru lagðar fyrir.

6. Barnaból – breyting á samningi við Hjallastefnuna

Á fundi sveitarstjórnar þann 16. maí sl. var lagt fram erindi Hjallastefnunnar þar sem óskað er eftir því að gerðar verði breytingar á gildandi samningi milli aðila til hækkunar á einingarverði. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins og óskaði eftir frekari gögnum frá Hjallastefnunnar vegna beiðninnar sem lögð voru fyrir fundinn. Sveitarstjórn ræddi framlögð gögn og samþykkti samhljóða þá breytingartillögu sem Hjallastefnan hefur óskað eftir. Var breytingunni vísað til viðauka við liðinn Fræðslu- og uppeldismál 04.

7. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

8. Bréf

a. USAH dags. 14. maí 2025

Efni: Styrkbeiðni vegna íþróttadags

Með erindinu óskar stjórn USAH eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna íþróttadags sem verður haldinn þann 26. september nk. Sveitarstjórn ræddi erindið en var styrkbeiðni hafnað.

b. Sveitarfélagið Skagafjörður dags. 26. maí 2025

Efni: Reglur Skagafjarðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið staðfesti fyrir sitt leyti framlagðar reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Voru reglurnar bornar upp til staðfestingar og staðfestar samhljóða af sveitarstjórn með fimm greiddum atkvæðum.

c. Félag atvinnurekenda dags. 10. júní 2025

Efni: Álagningarprósenta fasteignaskatta

Með erindinu hvetur FA sveitarfélagið eindregið til þess að lækka álagningarprósentu fasteignaskatta og halda þannig sköttum á atvinnuhúsnæði óbreyttum á milli ára til að mæta hækkunum fasteignamats. Var erindið lagt fram til kynningar.

d. Samgöngustofa dags. 4. júní 2025

Efni: Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækja.

Péturína Laufey Jakobsdóttir lýsti sig vanhæfa til að fjalla um málið og vék af fundi undir þessum lið.

Með erindinu er óskað eftir umsögn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 65/2015 um ökutækjaleigur vegna umsóknar Péturínu Laufeyjar Jakobsdóttur kt. 100180-3839 fyrir hönd Verso ehf. kt. 540425-1670 um geymslustað ökutækja að Hólabraut 9, 545 Skagaströnd. Sótt er um að leigja út eitt ökutæki með geymslustað að Hólabraut 9.



Umsögn sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn.

9. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar dags. 21. maí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Fagráðs í málefnum fatlaðs fólks dags. 12. maí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Fagráðs í málefnum fatlaðs fólks dags. 26. maí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16. maí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27. maí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

f. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 25. maí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

g. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 19. júní 2025

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. a) Oddagata 12 – breytt notkun

Fyrir fundinum lá erindi frá Gísli Birni Reynissyni dags. 13. maí 2025 f.h. sveitarfélagsins sem er þinglýstur eigandi að Oddagötu 12 á þeim tíma er erindið er sent inn. Búið er að samþykkja sölu á fasteigninni frá sveitarfélaginu til Verk lausnar og undirrita kaupsamninga þess efnis. Óskað er eftir leyfi til þess að gera eftirfarandi breytingar á húsinu:

Breyta notkun matshluta 03

Setja brunahólfun milli matshluta 01 og 03

Setja aksturs- og göngudyr á suður stafn matshluta 03

Breyta ísklefa í inngangsrými og setja tvennar nýjar dyr á norðurstafn.

Setja gönguhurðir á útveggi mót austri.

Í erindinu kemur fram að forsvarsmenn verðandi eiganda að fasteigninni standi í endurbótum og breytingum á húsinu og fylgja aðaluppdrættir með erindinu sem sýna fyrirhugaðar breytingar. Eru uppdrættirnir unnir af Þorvaldi E. Þorvaldssyni hjá Áræðni ehf. og dags. 8. maí 2025.

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar:

Nefndin ræddi erindið og fyrirbyggjandi gögn. Var beiðni um leyfi til framangreindra breytinga borið upp til staðfestingar og samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða.

Eftirfarandi bókað undir lið b. Aðkeyrslustígur að Jaðri

Fyrir fundinum lágu gögn er sýna aðkomuveg milli lóða Lundar og Lækjarbakka. Eigandi hefur óskað eftir því að aðkomuvegur að Jaðri verði færður í samræmi við lýsingu sem kemur fram á lóðaleigusamningi. Nefndin ræddi framkommið erindi. Eftirfarandi tillaga var lögð fram:



Lagt er til að tímabundið verði heimreiðin færð inn á lóð milli Lundar og Lækjarbakka og liggi tveimur metrum frá lóðarmörkum við Lund.

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar:

Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða.

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. c. Erindi frá Ungmennafélaginu Fram dags. 18. júní 2025 – Blakvöllur

Fyrir fundinum lá erindi dags. 18. júní 2025 þar sem Ungmennafélagið Fram óskar eftir leyfi til þess að koma upp strandblakvelli á lóð í eigu sveitarfélagsins. Í umsókn kemur fram að tilgangur verkefnisins sé að bæta aðstöðu til útivistar og hreyfingar fyrir almenning á Skagaströnd. Stungið er upp á þremur staðsetningum fyrir völinn, annars vegar við hlið Sundlaugarinnar að Einbúastíg, austan megin við gervigrasvöll á skólalóð eða sunnanmegin við Fellsborg. Ekki er óskað eftir fjár- eða vinnuframlagi frá sveitarfélaginu heldur staðfestingu á því að Ungmennafélaginu sé heimilt að ráðast í framkvæmdina á einhverjum af þeim stöðum sem tilgreindir eru í umsókn.

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar:

Nefndin ræddi erindið og tók vel í það. Var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með Ungmennafélaginu og finna staðsetningu sem hentar verkefninu hvað best eftir nánari skoðun.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest samhljóða.

Eftirfarandi var bókað undir lið 2. a. Nýframkvæmdir 2025

Fyrir fundinum lá erindi frá Vegagerðinni þar sem tilgreindar eru þær nýframkvæmdir sem áætlað er að fara í árið 2025 og eru fullfjármagnaðar á fjárlögum ársins. Verkefnið sem um ræðir er Miðgarður, endurbygging milli Ásgarðs, trébryggja. Óskað er eftir því að framkvæmdirnar verði teknar til umfjöllunar og sendar athugasemdir ef einhverjar eru. Þá er óskað eftir staðfestingu á því að hafnarsjóður geti staðið undir heimahluta framkvæmdakostnaðar og að gert sé ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar:

Nefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir og vísar staðfestingu á heimahluta framkvæmdakostnaðar til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Afgreiðsla Hafnar- og skipulagsnefndar staðfest samhljóða af sveitarstjórn.

Eftirfarandi var bókað undir lið 2. b. Endurskoðun samgönguáætlunar 2026-2030

Fyrir fundinum lá erindi frá Vegagerðinni vegna endurskoðunar á samgönguáætlun 2026-2030. Við gerð áætlunar verður endurskoðuð ósamþykkt samgönguáætlun fyrir árin 2024-2028 og bætt við hana áætlun um það sem framkvæma skal á árunum



2029-2030. Ef einhverjar breytingar eru áætlaðar m.v. fyrri samgönguáætlun, þarf að skilgreina það á umsóknarblaði, annars er nóg að senda inn tillögur fyrir árið 2029-2030. Þá er óskað eftir staðfestingu á eldri verkefnum sem eru á gildandi samgönguáætlun og verkefnum sem kunni að vera ólokið þegar endurskoðun hefst. Þá er gefinn kostur á að sækja um framlög til sjóvarna.

Nefndin ræddi framlagt erindi og var eftirfarandi tillaga lögð fram:

Lagt er til að þau verkefni sem eru á gildandi samgönguáætlun verði staðfest en þau eru endurbygging Ásgarðs, endurbygging milli Ásgarðs og Miðgarðs og viðhaldsdýpkun á Skagastrandarhöfn (60.000 m³). Þá verði óskað eftir því að á endurskoðaða samgönguáætlun verði sett endurbygging á Miðgarði. Þá verði óskað eftir framlagi til að bæta sjóvörn sem liggur við Strandgötu frá Ægisgrund að Lækjarbakka.

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar:

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða.

Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Önnur mál

Með vísan til 8. gr. Samþykktar Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014 verður reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júlí felldur niður vegna sumarleyfa og næsti fundur sveitarstjórnar verður því í ágúst.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:48

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir